ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

MAÍ 2025

Mynd: Sölvi Rúnar Vignisson

17. JÚNÍ

HÁTÍÐ Í ÞINGEYJARSVEIT

KL. 11:00

UMF. Efling og Kvenfélag Mývatnssveitar

BJÓÐA SVEITUNGA, NÆRSVEITUNGA, VINI OG VANDAMENN VELKOMNA TIL 17. JÚNÍ HÁTÍÐAHALDA Á ÍÞRÓTTAVELLINUM Á LAUGUM.

HÁTÍÐAHÖLDIN HEFJAST KL. 11:00 MEÐ SKRÚÐGÖNGU FRÁ BÍLAPLANI ÍÞRÓTTAHÚSSINS OG NIÐUR Á ÍÞRÓTTAVÖLL ÞAR SEM DAGSKRÁIN FER FRAM.
HÆGT VERÐUR AÐ KAUPA FÁNA O.Þ.H. VIÐ ÍÞRÓTTAHÚSIÐ FRÁ KL. 10:30.
VEITINGASALA (PYLSUR OG ÝMISLEGT GOTTERÍ) VERÐUR Á ÍÞRÓTTAVELLINUM AÐ LOKINNI HEFÐBUNDINNI HÁTÍÐARDAGSKRÁ.

PSST..... MÆLUM MEÐ AÐ HAFA AUKAFATNAÐ MEÐ FYRIR ÞAU YKKAR SEM VILJA TAKA ÞÁTT Í SÁPUBRAUT/FÓTBOLTA.

HÆ HÓ JIBBÍ JEI

WE – VIÐ – MEIE

Nemendur og starfsfólk Stórutjarnaskóla fengu nýverið styrk úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins til að vinna að alþjóðlegu ungmennaverkefni sem ber nafnið „We – Við – Meie“. Verkefnið er leitt af Sigríði Árdal og Mariku Alavere í samstarfi við nemendur í 8.–10. bekk, og í september mun hópurinn taka á móti tíu ungmennum og kennurum þeirra frá Eistlandi. Meginhluti verkefnavinnunnar fer fram í Stórutjarnaskóla, en einnig er fjölbreytt dagskrá fyrirhuguð þar sem þátttakendur munu meðal annars fara í vettvangsferðir um sveitarfélagið og kynnast náttúru og menningu Þingeyjarsveitar. Markmið verkefnisins eru meðal annars að efla sjálfstraust og leiðtogahæfni ungmenna, vekja þau til umhugsunar um sjálfbæran lífsstíl og framtíð jarðar og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og vináttu. Þessi sami hópur vann að Erasmus+ verkefni í september síðastliðnum í Eistlandi sem hét Eye-Ég-Mina og er nýja verkefnið framhald af því verkefni. Má því búast við mikilli gleði í haust þegar ungmennin hittast aftur.

Við hlökkum til að fylgjast með verkefninu sem lýkur með opnum viðburði í Stórutjarnaskóla þar sem afrakstur vinnunnar verður kynntur.

Hópurinn í Eistlandi í fyrra.

LANDSKJÖRSTJÓRN FUNDAR

Fyrir stuttu heimsóttu starfsmenn Landskjörstjórnar Þingeyjarsveit í tengslum við yfirferð þeirra um landið. Tilgangur heimsóknarinnar var að funda með yfirkjörstjórnum og þeim starfsmönnum sveitarfélaga sem koma að framkvæmd kosninga.

Í Þingeyjarsveit tóku á móti þeim Guðbergi Ragnari Ægissyni og Indriða Birni Ármannssyni þau Dagný Pétursdóttir, formaður kjörstjórnar Þingeyjarsveitar, ásamt Margréti Hólm, Svanhildi og Valdísi, starfsmönnum sveitarfélagsins. Þær hafa allar haft með höndum mikilvæg verkefni tengd framkvæmd kosninga á undanförnum árum.

Sveitarfélagið þakkar Landskjörstjórn kærlega fyrir komuna og ánægjulega heimsókn.

Frá vinstri: Svanhildur, Valdís, Dagný, Guðbergur og Indriði - á myndina vantar myndasmiðinn Margréti Hólm.

ÁRLEGUR VORFUNDUR SSSFS HALDINN Í BORGARBYGGÐ OG HVALFJARÐARSVEIT

Um miðjan maí komu félagsmenn í Samtökum stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum sveitarfélaga (SSSFS) saman á árlegan vorfund samtakanna. Að þessu sinni voru það Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð sem tóku að sér gestgjafahlutverkið og tóku höfðinglega á móti gestum sínum. Margrét Hólm Valsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs tók þátt fyrir hönd Þingeyjarsveitar.
Dagskráin var fjölbreytt og fræðandi og fór hópurinn vítt og breitt um bæði sveitarfélögin. Heimsóknir voru m.a. farnar í stjórnsýsluhús Hvalfjarðarsveitar, Norðurál, víngerðina Pure Spirit í Borgarnesi, Landnámssetur Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Límtré Vírnet og Ráðhús Borgarbyggðar.
Veðrið lék við gesti báða dagana og skapaði einstaklega góða stemningu. Samhljóða voru gestir um að afskaplega vel hefði tekist til og gilti þá einu hvort horft var til skipulags, viðmóts eða faglegs innihalds.

Hópurinn í heimsókn í Norðuráli.

100 MANNS TÓKU ÞÁTT Í RUSLATÍNSLU FJÖREGGS Í MÝVATNSSVEIT

Ruslahreinsun meðfram vegum og víðar í Mývatnssveit tókst mjög vel þótt tímabundið bæði rigndi og gerði haglél í austurhluta sveitarinnar á meðan á tínslu stóð. Mesta ruslið var á leiðinni frá Hverum austan Námafjalls niður í Reykjahlíð og í kring um Jarðböðin. Á heildina litið var minna rusl í ár samanborið við síðustu ár.
Tínt var meðfram veginum í kringum vatnið, niður yfir Mývatnsheiði að gömlu hreppamörkunum við Kæfulæk sunnan við Másvatn og frá Reykjahlíð austur að Hverum.

Mikill fjöldi barna og unglinga tók þátt í hreinsuninni og er fagnaðarefni að ungviðið venjist því að sinna umhverfi sínu með þessum hætti. Áætlað er að í heildina hafi um eitt hundrað manns tekið þátt.
Til hamingju Fjöregg, samtök um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, fyrir vel heppnaðan viðburð og hreina sveit!

FYRSTA HINSEGIN HÁTÍÐIN Á NORÐURLANDI EYSTRA

Hinsegin hátíð á Norðurlandi eystra verður haldin í fyrsta skiptið dagana 18.–22. júní 2025. Öll sveitarfélög á Norðurlandi eystra standa að hátíðinni og stefnt er að því að viðburðir fari fram sem víðast í öllum landshlutanum. Einstaklingar, félög og fyrirtæki eru hvött til þess að taka þátt í þessari einstöku hátíð með því að flagga regnbogafánum og allra helst standa fyrir viðburði í tengslum við hátíðina.

HVERNIG GETUR ÞÚ TEKIÐ ÞÁTT Í HÁTÍÐINNI?

- Haldið viðburð – t.d. tónlistaratriði, fræðsluviðburð eða skapandi uppákomu
- Boðið upp á sérstaka afslætti eða tilboð í tengslum við hátíðina
- Skreytt og lýst upp rýmið ykkar í litum hátíðarinnar
- Stutt við hátíðina með styrkjum eða samstarfi
- Flaggað fána hinseginleikans

Þau sem hafa áhuga á að leggja fram hugmynd eða halda viðburð mega endilega hafa samband við Elísabetu Ögn Jóhannsdóttur verkefnastjóra hátíðarinnar á netfangið hinseginhatid@akureyri.is.

WWW.HINSEGINHATID.IS

FJÖR Á ÞINGEYJARLEIKUM

Þingeyjarleikarnir í ár fóru fram í Þingeyjarskóla. Þá hittast nemendur og starfsfólk grunnskólanna þriggja og eiga góða stund saman. Þetta hefur verið árviss viðburður frá sameiningu sveitarfélaganna með það að markmiði að efla tengsl nemenda og starfsfólks skólanna þriggja. Nú var röðin komin að Þingeyjarskóla að skipuleggja leikana og bjóða heim. Nemendum var skipt í hópa þvert á stig og skóla og leystu þeir allskyns þrautir sem byggðust á hugmyndum fjölgreindarkenningar Gardners.

Í stuttu máli má lýsa fjölgreindakenningunni með þeim hætti að greind fólks skiptist í átta svið: Málgreind, rök- og stærðfræðigreind, hreyfigreind, rýmisgreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfis- eða náttúrugreind.

Gardner telur greind hvers einstaklings skiptast í þessi átta svið en einstaklingsbundið sé hver styrkur hvers sviðs sé miðað við önnur. Þannig liggja styrkleikar einstaklinganna á ólíkum sviðum.

Á stöðvum dagsins var unnið með öll átta greindarsviðin þar sem markmiðið var að allir næðu að njóta sín og nýta styrkleikana sína.

Í lok dags var smellt mynd af hópnum og var ekki annað að sjá en að allir hefðu notið samverunnar.

Nemendur grunnskólanna þriggja í Þingeyjarsveit.

Í sumar verða skrifstofur Þingeyjarsveitar lokaðar frá og með 14. júlí til og með 26. júlí.

MATRÁÐUR Í STÓRUTJARNASKÓLA

80% STARF

Stórutjarnaskóli

Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- hefur yfirumsjón með starfsemi í eldhúsi og annast almenn eldhússtörf
- annast matseld í samræmi við ráðleggingar landlæknis um mataræði barna í leik- og grunnskólum
- er í samstarfi við matráð Þingeyjarskóla varðandi innkaup matvæla og frágang og geymslu á þeim
- annast tilfallandi önnur störf s.s. í tengslum við fundi, aðrar samkomur og uppbrotsdaga

Hæfnikröfur

- matartækninám
- þarf að hafa góða samskiptahæfni og kappkosta að sýna nemendum og samstarfsfólki virðingu í hvívetna
- þekking/reynsla af daglegum rekstri mötuneytis
- þekking/reynsla af næringarfræði, sérfæði, gæðum og fjölbreytileika matar er nauðsynleg

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekinn leik- grunn- og tónlistarskóli með um 45 nemendur frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandiskóli og er að innleiða teymiskennslu. Lögð er áhersla á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni.

Staðan er laus frá og með 15. ágúst 2025. Umsóknarfrestur er til 20. júní 2025.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 4643220 / 8483547 eða í gegnum netfangið birnada@storutjarnaskoli.is

Umsóknir skulu sendar á netfangið birnada@storutjarnaskoli.is
Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi.

ELDHÚS ÞINGEYJARSKÓLA

AÐSTOÐ Í ELDHÚSI Í ÞINGEYJARSKÓLA

Um er að ræða tvær stöður:
100% starfshlutfall.
60% starfshlutfall.

Helstu verkefni

- Vinnur undir leiðsögn yfirmatráðs.
- Þátttaka í matseld fyrir nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla.
- Sér um að matur sé samkvæmt lýðheilsumarkmiðum, hollur, fjölbreyttur og snyrtilega framborinn.
- Frágangur og þrif í eldhúsi og matsal.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er kostur.
- Skipulagshæfni, snyrtimennska og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki.

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 100 nemendur. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í ágúst.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2025 og skulu umsóknir berast á netfangið lilja@thingskoli.is

Frekari upplýsingar um störfin veitir Lilja Friðriksdóttir, skólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst lilja@thingskoli.is og í síma 464-3580 / 847-2372.

HVATNINGARVERÐLAUN EYRARRÓSARINNAR Í ÞINGEYJARSVEIT

Verkefnið *Afhverju Ekki* hlaut Hvatningarverðlaun Eyrarrósarinnar 2025!
Afhverju Ekki, einnig nefnt „The Absolutely Everything Studio“, er þverfaglegt vinnustofu-rannsóknarsetur sem stofnað var árið 2024. Verkefnið er leitt af Dr. Jack Armitage fræði- og listamanni. Afhverju Ekki stuðlar að samvinnu og samstarfi með það að marki að finna lausnir á flóknum vistfræðilegum viðfangsefnum. Setrið er staðsett í Breiðanesi, á Laugum í Þingeyjarsveit. Þegar hefur verið tekið á móti sex fræði- og listamönnum sem komið hafa til vinnudvalar og unnið að hönnun, hugbúnaðarþróun og listsköpun, meðal annars fyrir sýningu Íslands á Feneyjartvíæringnum í arkitektúr.

Starfrækt er keramíkverkstæði sem hefur reynst mikilvægt bæði þegar kemur að námi og listsköpun, sérstaklega fyrir íbúa svæðisins. Á staðnum er einnig fablab, wetlab og vinnurými. Aðstaða þeirra aðila sem þarna dvelja er því til fyrirmyndar. Til framtíðar er stefnt að því að starfrækja verslun með listmuni, taka upp hlaðvörp og standa fyrir ýmiskonar viðburðahaldi.
Eyrarrósin er viðurkenning sem veitt er fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins og voru verðlaunin afhent í nítjánda sinn, fimmtudaginn 15. maí, við hátíðlega athöfn í Alþýðuhúsinu á Siglufirði.

Breiðanes

Innilegar hamingjuóskir Jack Armitage með frábært verkefni, megi það stækka og dafna!

LEIKSKÓLADEILDIN KRÍLABÆR Á LAUGUM Í REYKJADAL AUGLÝSIR TIL UMSÓKNAR 60% STÖÐU VIÐ MATSELD OG AÐSTOÐ INN Á DEILD

Helstu verkefni og ábyrgð

- Elda og bera fram hollan og góðan mat fyrir nemendur og starfsfólk Krílabæjar, u.þ.b. 10 manna hóp í samræmi við matseðil yfirmatráðs Þingeyjarskóla.
- Ganga frá eftir matartíma
- Þrífa og sótthreinsa eldhús samkvæmt gæðahandbók mötuneytis Þingeyjarskóla
- Aðstoða yfirmatráð Þingeyjarskóla við pantanir fyrir Krílabæ
- Taka á móti vörum í eldhúsi Krílabæjar
- Taka þátt í uppeldi og umönnun barnanna í Krílabæ.

Við leitum að starfsfólki sem...

- Vinnur eftir ítrustu kröfum um hreinlæti í skólamötuneyti og um rétta meðhöndlun matvæla
- Er lausnamiðað og vill vinna í teymi
- Ber virðingu fyrir börnum
- Reynsla af störfum í mötuneyti og/eða leikskóla er kostur

Krílabær er önnur tveggja leikskóladeilda Þingeyjarskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli á tveimur starfsstöðvum. Nemendur Krílabæjar eru 6 talsins. Áhersla er lögð á mikil og góð tengsl nemenda, starfsfólks og foreldra, tákn með tali og unnið er eftir stefnunni um jákvæðan aga.
Leikskóladeildin býður uppá rólegt og gott vinnuumhverfi.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 12. ágúst.
Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2025 og skulu umsóknir berast á netfangið nanna@thingskoli.is
Frekari upplýsingar um starfið veitir Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst nanna@thingskoli.is og í síma 464-3590/898-0790.

STÍGANDI GANGUR Í STÍGAGERÐ

Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir um 300 milljónum í framkvæmdir, eru það bæði viðhaldsframkvæmdir og nýframkvæmdir. Eitt af stóru verkefnum þessa árs er áframhaldandi vinna við göngu- og hjólreiðastíg í Mývatnssveit. Áætlað er að heildarframkvæmd ársins með framlagi Vegagerðarinnar verði 160 milljónir á árinu og er áætlað að tengja saman Reykjahlíðarþorp og Skútustaði.

Það er allt á fullu þessa dagana við stígavinnuna við Skútustaði og tilhlökkunin við að klára tenginguna mikil. Við framkvæmdirnar við Skútustaði er líka sett niður ný stofnlögn fyrir hitaveituna. Auk þess að klára að leggja stíginn að Gíg á árinu munu þrjár brýr verða settar upp á þessari leið enda fékkst styrkur fyrir því úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða nú nýverið.

Við Skútustaði

HREPPASKJÖLIN FARIN Á HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

Föstudaginn 16. maí voru öll skjöl gömlu hreppanna, Háls-, Bárðdæla, Ljósavatns-, Reykdæla- og Aðaldælahrepps, sem voru í Kjarna, gamla stjórnsýsluhúsi sveitarfélagsins á Laugum, afhent Héraðsskjalasafninu á Húsavík. Þar tók Snorri Guðjón Sigurðsson héraðsskjalavörður á móti 18 öskjum frá Þorbjörgu Guðmundsdóttur, skjalafulltrúa sveitarfélagsins.

Þegar Þingeyjarsveit flutti skrifstofur sínar í Þingey, urðu öll eldri skjöl eftir í Kjarna. Þar á meðal var töluvert af skjölum gömlu hreppanna; Háls-, Bárðdæla, Ljósavatns-, Reykdæla- og Aðaldælahrepps. Laufey Eiríksdóttir, upplýsingafræðingur hefur síðast liðna mánuði unnið ötullega að frágangi elstu skjalanna í vörslu sveitarfélagsins til afhendingar á skjalasafn og grisjað úr þeim yngri til flutnings í Þingey. Þetta er því stór áfangi í þeirri vinnu og er ánægjulegt að skjölin séu nú komin til varanlegrar varðveislu þar sem þau eru aðgengileg öllum.

Snorri og Þorbjörg við afhendingu leyfisins.

AF NÓGU AÐ TAKA HJÁ SKIPULAGSNEFND

Það er alltaf líf og fjör í Þingey, skrifstofu sveitarfélagsins. Ásamt hinu hefðbundna daglega starfi er mikill gestagangur, má til dæmis nefna reglulega fundi hjá nefndum sveitarfélagsins sem glæða lífi í húsið og þá líta líka íbúar við á skrifstofunni, ýmist til að sækja upplýsingar eða til að spjalla um daginn og veginn. Við fögnum slíkum heimsóknum því þær efla svo sannarlega tengsl milli íbúa og starfsfólks sveitarfélagsins..

Af nógu er að taka hjá Skipulagsnefnd því aðalskipulagsvinna er í fullum gangi. Tillaga að aðalskipulagi var send til yfirferðar til Skipulagsstofnunar 19. febrúar síðastliðinn. Athugasemdir Skipulagsstofnunar bárust 3. apríl og 13. maí og nefndin vinnur nú að yfirferð á þeim athugasemdum. Að þeirri vinnu lokinni verður tillagan auglýst á ný.

Skipulagsnefnd vill hvetja íbúa Þingeyjarsveitar til að kynna sér vel skipulagsgáttina, þar sem öll mál Þingeyjarsveitar eru birt ásamt því að gáttin er farvegur athugasemda. Farið er inn á vefinn https://www.skipulagsgatt.is/ og þægilegt er að skoða þar kortasjá og finna viðkomandi svæði, til dæmis Aðalskipulag Þingeyjarsveitar. Þarna er m.a hægt að vakta mál, og fá þannig tilkynningar ef einhver framvinda verður. Meira um notkun á Skipulagsgátt er að finna undir spurt og svarað, hér.

Skipulagsnefnd, aftast til vinstri; Nanna Þórhallsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Haraldur Bóasson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Anna Bragadóttir (starfsmaður nefndarinnar) og Knútur Emil Jónsson, formaður.

LEIKSKÓLINN YLUR Í MÝVATNSSVEIT AUGLÝSIR LAUSA STÖÐU

Leikskólinn Ylur auglýsir starfsmanni í 25 – 50% starf frá og með 6. ágúst 2025. Um er að ræða aðstoð inni á deild og ræsting í leikskóla.

Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit. Í haust er gert ráð fyrir að um 26 börn verði í leikskólanum á aldrinum 1 – 5 ára en börn eru tekin inn í leikskólann frá 12 mánaða aldri. Ylur er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á leik og útikennslu, unnið er eftir agastefnunni jákvæðum aga.
Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.
Umsóknarfrestur er til **20. júní** 2025.

REYKJAHLÍÐARSKÓLI AUGLÝSIR LAUSA STÖÐU

REYKJAHLÍÐARSKÓLI ÓSKAR EFTIR SKÓLALIÐA TÍMABUNDIÐ Í 50 - 75% STARF **SEM FYRST**

Skólaliði þarf að geta hjálpað börnum í leik og starfi, leiðbeint þeim um góða umgengni og sjá um ræstingu á skólahúsnæði. Skólaliðar eru í mikilvægu hlutverki sem fyrirmyndir barna, þurfa að geta lesið í aðstæður og brugðist fljótt og vel við þegar þörf er á. Gott er einnig að geta veitt fyrstu hjálp ef slys ber að höndum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- aðstoða í matartímum nemenda
- annast gæslu og eftirlit á göngum, fataklefa og matsal
- sinna frímínútnagæslu úti og inni
- annast þrif og halda húsnæði skóla hreinu
- aðstoða við uppröðun og tilfærslu á húsgögnum
- önnur tilfallandi verkefni sem skólastjóri kann að fela starfsmanni

Við leitum að fólki sem...

- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er jákvætt, lausnamiðað og vill taka þátt i samstarfi og teymisvinnu
- Hefur góða samskiptafærni og umhyggju fyrir náunganum
- Hefur áhuga á skemmtilegu og fjölbreyttu starfi

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Umsóknir skulu sendast á netfangið hjordis@reykjahlidarskoli.is. Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375. Nánari upplýsingar um skólann er hægt að finna á www.reykjahlidarskoli.is. Umsóknarfrestur til **20. júní**.

FLOKKSSTJÓRI VINNUSKÓLA

Starfið felst m.a. í því að stjórna starfi nemenda vinnuskólans, leiðbeina nemendum og fræða þá um rétt vinnubrögð og verkþætti í starfinu í samráði við verkstjóra áhaldahúss. Sinna verkefnum við hreinsun á umhverfi og almennum garðyrkjustörfum. Flokksstjóri vinnur auk þess markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan nemenda.

Hæfniskröfur:

- Vera góð fyrirmynd
- Stundvísi og vinnusemi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.



Bílpróf er skilyrði og viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.
Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 18. júní eða eftir samkomulagi.
Umsóknarfrestur er til og með **23. júní 2025.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs: asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is eða í síma 512-1800. Umsóknum ásamt ferilsskrá skal skilað á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is.

Öll kyn eru hvött til þess að sækja um. Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

LEIK SKÓLA KENNARI óskast í Krílabæ

Krílabær er önnur tveggja leikskóladeilda Þingeyjarskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli á tveimur starfsstöðvum. Nemendur Krílabæjar eru 6 talsins. Áhersla er lögð á mikil og góð tengsl nemenda, starfsfólks og foreldra, tákn með tali og unnið er eftir stefnunni um jákvæðan aga. Leikskóladeildin býður uppá rólegt og gott vinnuumhverfi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans.
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda.
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann.
- Sinna verkefnum er varða uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun, uppeldismenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta.

Við leitum að fólki sem...

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum og ber virðingu fyrir þeim
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í teymisvinnu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 12. ágúst.
Umsóknarfrestur er til og með **23. júní 2025** og skulu umsóknir berast á netfangið nanna@thingskoli.is

Frekari upplýsingar um störfin veitir Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst nanna@thingskoli.is og í síma 464-3590/898-0790.

SNJÓTROÐARI TIL SÖLU

PISTENBULLY 240D

- PistenBully 240D.
- Árgerð 1994, fluttur til landsins ásamt nýjum beltum árið 2003.
- Tímamælir stendur í 8510 klst.
- Öll loftdekk endurnýjuð 2025.
- Gúmmí í beltum endurnýjuð 2022.
- Dæla fyrir hægra beltið tekin upp 2024.
- Skipt um eina glussaspólu fyrir hreyfingu í tönn 2025.
- ATH það fylgir EKKI mylla með troðaranum.
- Staðsettur í Mývatnssveit og afhendist þar.

Þingeyjarsveit

Nánari upplýsingar gefur umsjónarmaður (Andri) í síma 845-4471.
Tilboð skulu berast til sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs á netfangið ingimar@thingeyjarsveit.is.

Lautavegur 10, Laugum

Til leigu!

Ný glæsileg 90.3 fermetra 3 herbergja íbúð á neðri hæð í fjórbýli. Íbúðin er flísalögð í hólf og gólf. Ljósar innréttingar inní eldhúsi og baði en dekkri skápar í herbergjum og fostofu. Íbúðin er máluð í ljósum og gráum hlýjum lit. Gólfhiti er í íbúðinni og walk in sturta. Steypt bílaplön verða við húsið.

Leigufélagið Bríet

Nánari upplýsingar hér!

FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

JÚNÍ

3. Íþrótta- og tómstundanefnd
5. Byggðarráð/FRÆV
10. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
12. Umhverfisnefnd
18. Skipulagsnefnd
19. Byggðarráð
24. Viðtalstími Ýdölum
26. Sveitarstjórn

Smelltu HÉR til að lesa síðustu fundargerðir.
Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8955886

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í júní:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
18. og 25. júní. Viðtalstímar á öðrum tímum eftir samkomulagi á rjona@thingeyjarsveit.is

Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs
18. júní frá 10-14 í Gíg.

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
10. og 24. júní frá 10-14 í Gíg.

Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi
10. og 24. júní frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 2. árg. 5. tbl.
Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingey, Þingeyjarsveit
Sími: 512 1800
Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is